



Seltjarnarnesbær

Fjármál og rekstur 2008

Kæri Seltirningur

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 var samþykkt samhljóða við seinni umræðu á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness 19. desember síðastliðinn.

Fjárhagsáætlunin undirstrikar góðan rekstur bæjarsjóðs um langt skeið, ekki síst hin síðari ár. Ytri skilyrði hafa verið mjög góð og fjármálastjórn hefur verið styrk. Reksturinn hefur árum saman skilað góðum afgangi sem hefur verið nýttur til að auka þjónustu við íbúa og ráðast í miklar framkvæmdir án lántöku.

Útsvar á Seltjarnarnesi lækkaði úr 12,35% í 12,10% um nýliðin áramót. Í nágrannasveitarfélögum okkar er útsvarið umtalsvert hærra, eða allt að 13,03%. Sömuleiðis lækkar álagningarstuðull fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði og vatnsskattur en tekið verður upp hóflegt fráveitugjald, hið lægsta á höfuðborgarsvæðinu. Eftir ofangreinda breytingu verða allir gjaldastuðlar fasteignagjalda auk útsvars þeir lægstu á höfuðborgarsvæðinu sem í senn endurspeglar sterka fjárhagslega stöðu Seltjarnarnesbæjar og vilja bæjaryfirvalda til að láta skattgreiðendur njóta traustrar stöðu og hagfelldis rekstrar bæjarsjóðs með lækkun gjalda.

Lækkun á útsvari í annað sinn á skömmum tíma er í samræmi við þá stefnu að minnka skattbyrði á íbúa sveitarfélagsins. Samhliða þessu eru útgjöld til málaflokka aukin verulega, sérstaklega til íþróttá-, æskulýðs- og fræðslumála. Þetta er gert með hliðsjón af mikilvægi þessara þátta og þeirri áherslu sem lögð er á metnaðarfulla þjónustu við börn og fjölskyldur á Seltjarnarnesi. Eins og áður eru veittir styrkir til íþróttá- og tómsundaiðkunar 6–18 ára barna og ungmenna. Í ár bætast svo við sérstakar heimgreiðslur til foreldra barna sem eru á aldrinum níu til tuttugu og fjögurra mánaða.

Tekjur ársins eru varlega áætlaðar í fjárhagsáætlun bæjarins. Við gerð hennar var byggt á reynslu síðustu ára og raunsæju mati á þróun hagkerfisins næstu misseri. Haldið verður áfram að greiða niður langtímalán bæjarfélagsins og vaxtatekjur af handbæru fé munu áfram skapa traustan grundvöll undir lífsgæðaverkefni fyrir bæjarbúa á komandi árum.



Framkvæmdir ársins verða margvíslegar. Skólalóð Mýrarhúsaskóla verður stækkuð og betrubætt, byggð verða stúka og vallahús við gervigrasvöll og keyptur nýr tækjabúnaður við sundlaug. Haldið verður áfram átaki í gatna- og gangstéttagerð, auk þess sem gengið verður frá landmótun við Suðurströnd. Einnig verður ráðist í byggingu fjölnota lækningaminjasafns og menningarseturs við Nesstofu í samvinnu við menntamálaráðuneyti, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur og Þjóðminjasafnið. Þá er áformað að koma upp upplýsingabrunnum á nokkrum stöðum í bænum á þessu ári. Um er að ræða snertiskjái með fróðleik um sögu, menningarminjar, náttúrufer og staðháttaupplýsingar um Seltjarnarnes.

Árið 2008 verður enn eitt spennandi framkvæmda- og framfaraár á Seltjarnarnesi. Sem fyrr er það von mín að þetta rit sem nú kemur út í fimmta sinn gefi Seltirningum skýra sýn á fjárhagslegar áherslur bæjarstjórnar á nýju ári, framkvæmdir og ráðstöfun skattfjár.

Með góðri kveðju,

Jónmundur Guðmarsson
bæjarstjóri.


Forsendur tekjuáætlunar

- Álagningarhlutfall útsvars verður 12,10%
- Álagningarhlutfall fasteignagjalds af íbúðarhúsnæði verður 0,18%
- Álagning holræsagjalds verður 0,097%
- Álagningarhlutfall vatnsskatts verður 0,09%
- Urðunargjald verður 9.500 kr. á hverja eign og sorphreinsigjald 4.500 kr.
- Álagningarhlutfall fasteignagjalds af atvinnuhúsnæði og óbyggðu landi verður 1,12%
- Lóðaleiga A-hluta verður 0,35% og B-hluta 1,5% af fasteignamati lóðar
- Nokkrar gjaldskrár taka verðlagsbreytingum á milli ára

	2007 Áætlun	2008 Áætlun
Aðalsjóður		
Skatttekjur	Tekjur	Tekjur
Útsvar	1.535.000.000	1.685.000.000
Fasteignaskattur	179.000.000	171.000.000
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	47.000.000	47.000.000
Lóðarleiga	12.000.000	15.000.000
Alls sameiginlegar tekjur	1.773.000.000	1.918.000.000
Aðalsjóður		
Rekstrargjöld	Gjöld	Gjöld
Félagsþjónusta	132.141.436	142.327.008
Fræðslumál	985.537.390	1.052.113.742
Menningarmál	67.237.456	67.037.837
Íþróttir, æskulýðsmál og útivist	326.501.415	358.127.389
Brunamál og almannavarnir	34.933.000	36.220.000
Sorphreinsun og hreinlætismál	19.536.000	15.415.000
Skipulagsmál	25.606.000	24.905.000
Götur, holræsi og umferðarmannvirki	-12.140.000	56.140.000
Almenningsgarðar og opin svæði	38.022.000	44.500.000
Framlag til atvinnumála	400.000	440.000
Sameiginlegur kostnaður	164.745.308	177.274.024
Breyting lífeyrisskuldbinding	40.000.000	40.000.000
Fjármagnsliðir	-345.688.000	-358.375.000
Samtals rekstrargjöld A-aðalsjóðs	1.476.832.004	1.656.125.000
Aðrir sjóðir og stofnanir		
Eignasjóðir, rekstur	-5.663.364	-1.838.000
Þjónustumiðstöð	33.280.000	29.870.000
Rekstrarhagnaður sjóða og stofnana	27.616.636	28.032.000
Samtals rekstrargjöld aðalsjóðs og stofnana	1.504.448.640	1.684.157.000
Hagnaður af rekstri bæjarsjóðs	268.551.360	233.843.000
Samtals	1.773.000.000	1.918.000.000


Skipting tekjuliða

Útsvar	1.685.000.000
Fasteignaskattur	171.000.000
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	47.000.000
Lóðarleiga	15.000.000




Skipting útgjaldaliða

Félagsþjónusta	7,42%
Fræðslumál	54,86%
Menningar- og félagsmál	3,50%
Íþróttir, æskulýðsmál og útivist	18,70%
Götur, holræsi og umferðarmál	2,93%
Almenningsgarðar og opin svæði	2,32%
Sameiginlegur kostnaður	9,24%
Breyting, lífeyrisskuldbinding	2,09%








Helstu framkvæmdir

Áhorfendastúka við gervigrasvöll	90.000.000
Gatnagerð - gangstéttir	90.000.000
Nesstofa/Læknaminjasafn/Fræðasetur við Gróttu	57.000.000
Fjárfesting á áhöldum og tækjum stofnana	19.500.000
Upplýsingabrunnar	15.000.000
Mýrarhúsaskóli, skólalóð og húsgögn	35.000.000
Undirbúningur vegna fimleikahúss og mótuneytis Való	2.000.000
Sundlaug, tækjabúnaður og þak	45.000.000
Aðrar framkvæmdir	36.000.000




Samanburður á álagningu skatta sveitarfélaga

Samanburður húsnæðisgjalda á höfuðborgarsvæðinu

	 Seltjarnarnes	 Reykjavík	 Garðabær	 Kópavogur	 Hafnarfjörður
Útsvar	12,10%	13,03%	12,46%	13,03%	13,03%
Fasteignaskattur	0,180%	0,214%	0,220%	0,259%	0,240%
Lóðarleiga	0,350%	0,080%	0,300%	11,2 kr/m ²	0,270%
Sorpgjald	14.000 kr.	16.300 kr.	13.300 kr.	14.000	13.000 kr.
Vatnsskattur	0,090%	3.468 kr. + 134 kr. pr. m ²	0,120%	0,0936%	0,115%
Holræsagjöld	0,097%	0,105%	0,100%	0,104%	0,136%

Á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar er fasteignagjaldareiknir þar sem hægt er að slá inn forsendur fasteignamats og bera saman fasteignaaðögur nokkurra sveitarfélaga.

Fasteignagjaldareiknirinn er á slóðinni www.seltjarnarnes.is/svid-og-deildir/fjarhagssvid/reiknivalar.



REIKNIVÁL: HÚSNÆÐISGJÖLD Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Stíð inn upplýsingar um stærð eignar og fasteignamat hennar og stýrðu á hnappinn reikna. Útreikningar birtast í löfu neðar á slóðinni.

	Stærð	Fasteignamat
Lóð	<input type="text"/> m ²	<input type="text"/> kr
Íbúð	<input type="text"/> m ²	<input type="text"/> kr
Bláskúr	<input type="text"/> m ²	<input type="text"/> kr
Samtals	0 m ²	0 kr

Miðað við einkalóð á Seltjarnarnesi.

Reikna

	Fasteignask.	Lóðarleiga	Vatnask.	Holræsag.	Sorpgj.	Samtals
	%	kr	%	kr	kr	kr
Seltjarnarnes	0,18	0	0,09	0	14.000	14.000 kr
Reykjavík	0,214	0	3.468	0	16.300	16.768 kr
Kópavogur ¹	0,259	0	0,094	0	14.000	14.000 kr
Garðabær	0,22	0	0,12	0	13.300	13.300 kr
Seltjarnarnes í fjölmökum	0,24	0	0,115	0	13.000	13.000 kr
Mosfellsbær	0,22	0	0,1	0	11.500	11.500 kr
Áltanes ¹	0,26	0	3.468	0	16.300	22.828 kr
Ákranes ¹	0,31	0	3.468	0	14.175	17.643 kr

¹Vatnaskattur í Reykjavík, Áltanesi og Ákranesi er krónur 3.468,00 ásamt 134 krónum á hvern fermetra af haldinstærð eignar og lóðar.
²Lóðarleiga í Kópavogi er 11,2 krónur á hvern fermetra lóðar. Vö útreikning er tekið tillit til 25% afsláttar á fasteignaskatt, vatnsskatt og holræsagjald.
³Lóðarleiga á Ákranesi er 0,03 kr á hvern fermetra á síðri húsnæðisáætlun.
 Samkvæmt samþykkingum frá sveitarfélögum frá janúar 2008. Með fyrirvara um stækkun.

Um vefinn | Persónuvernd | RSS veitur

Austurstréti 2 | 170 Seltjarnarnes | Sími: 595-9100 | FAX: 595-9101 | Netfang: postur@seltjarnarnes.is



Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes
Sími 595 9100
Fax 595 9101
postur@seltjarnarnes.is